

á viðkomandi skip í allt að sjö sólarhringa og jafnframt að svipta skipið áunnum flutningastyrk fyrir viðkomandi veiðiferð.

Ef nauðsyn krefur, getur Loðnunefnd látið lögreglu framfylgja ákvörðunum nefndarinnar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

Hver sá, er sekur gerist um brot á lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim, skal sæta sektum, og renna sektir í ríkissjóð.

Um mál út af brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvik Jósefsson.*

## FORSETA BRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 94. löggjafarþings, frá 21. desember 1973 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 21. janúar 1974.

*Gjört í Reykjavík, 19. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ólafur Jóhannesson.*

## L Ö G

um breyting á lögum um Verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97/1961, sbr. lög nr. 60/1964 og lög nr. 5/1967.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

B-liður 1. gr. orðist þannig:

B. Af hálfu fiskkaupenda:

3 fulltrúar tilnefndir af Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

1 fulltrúi tilnefndur af Sölusambandi isl. fiskframleiðenda.

1 fulltrúi tilnefndur af fiskvinnslustöðvum á vegum S. Í. S.

1 fulltrúi tilnefndur af Samlagi skreiðarframleiðenda.

3 fulltrúar tilnefndir af Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi.